

AUGLÝSING
um skipulagsmál í sveitarfélögunum
Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Hvammsvirkjun, deiliskipulag.

Sveitarstjórnir Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps hafa unnið sameiginlega að gerð deiliskipulags fyrir Hvammsvirkjun. Framkvæmdasvæði Hvammsvirkjunar er í báðum sveitarfélögunum. Stöðvarmannvirki verða í landi Hvamms í Rangárþingi ytra, en stíflumannvirki og lón munu taka yfir land í ofanverðri Landsveit og í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 1. desember 2021.

F.h. beggja sveitarfélaga,

Birgir Haraldsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi, Rangárþingi ytra.

B-deild – Útgáfud.: 15. desember 2021